



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 19. janúar 2018

Ákvörðun nr. 3/2018

Samruni Arctic Adventures hf. og Geirlands ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 27. desember 2017 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt með bréfi um samruna Arctic Adventures hf. (hér eftir Arctic Adventures) og Geirlands ehf. (hér eftir Geirland). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá sem talin var fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og viðauka II við reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Með bréfi dagsett 9. janúar 2018 var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins og að frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 28. desember 2017.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í því tilviki sem hér er um að ræða tekur Arctic Adventures yfir allan rekstur Geirlands.

Samkvæmt samrunaskrá mun samruninn styrkja rekstur Arctic samstæðunnar og gera hann samkeppnishæfari við önnur hótél- og gistiheimili á Suðurlandi.

Arctic Adventures er félag sem var stofnað í lok árs 2016 í þeim tilgangi að leysa Straumhvarf ehf. (hér eftir Straumhvarf) af sem móðurfélag samstæðunnar, en Straumhvarf gekk áður undir heitinu Arctic Adventures, sem er aðalvörumerki félagsins. Arctic Adventures starfar sem eignarhaldsfélag um fyrirtæki í ferðaþjónustu. Arctic Adventures á alla hluti í Adventure Hotels ehf. (hér eftir Adventure Hotels). Adventure Hotels var stofnað þann 6. mars 2017 og er megintilgangur félagsins rekstur hótela og gistihúsa. Félagið keypti í mars árið 2017 hótelið Hof 1 í Öræfum, í sveitarfélaginu Hornafirði, sem er 38 herbergja hótél.



Önnur félög sem Arctic Adventures fer beint eða óbeint með yfirráð yfir eru Straumhvarf, Extreme Iceland ehf. (hér eftir Extreme Iceland), Arctic Seatours ehf., Scuba Iceland ehf. (hér eftir Scuba Iceland), Austari ehf. sem starfar undir vörumerkinu Viking Rafting skv. samrunaskrá og Viking Car Rental ehf.¹ Þá á Scuba Iceland helmingshlut í Magmadive ehf. sem stundar sömu starfsemi og Scuba Iceland skv. samrunaskrá. Einn stjórnarmaður í Arctic Adventures á jafnframt sæti í stjórn Ion Hotel ehf. sem starfar á sviði hótela og gistiheimila með veitingaþjónustu og er sami stjórnarmaður jafnframt eigandi 50% hlutar í Ablos ehf. sem aftur er eigandi 50% hlutar í Ion Hotel ehf.

Straumhvarf og Extreme Iceland hafa selt skipulagðar ferðir með gistingu til endanotanda og þannig selt gistingu á smásölumarkaði. Félögin munu bjóða gistingu á vegum Arctic Adventures sem hluta hinna skipulögðu ferða.

Geirland var stofnað í júní 2003. Tilgangur félagsins er rekstur gisti- og veitingaaðstöðu, rekstur sundlaugar, rekstur fasteigna, lánstarfsemi, verðbréfavíðskipti og skyldur rekstur. Geirland hefur rekið 40 herbergja hótél að Geirlandi í Skaftárhreppi, skammt frá Kirkjubæjarklaustri en ekki verið með aðra starfsemi á ferðaþjónustumarkaði.

2.1 Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar meti það svo að samruninn taki einkum til undirmarkaða ferðaþjónustunnar, þ.e. annars vegar markað fyrir hótélrekstur á Suðurlandi og hins vegar markað fyrir veitingarekstur á Suðurlandi.² Markaðshlutdeild samrunaaðila miðað við þá skilgreiningu er að mati samrunaaðila hverfandi. Í því sambandi benda samrunaaðilar á að heildarframboð á gistisherbergjum árið 2016 á landinu öllu var 14.787 herbergi, þar af 3.169 á Suðurlandi.³ Í ljósi þessa séu samrunaaðilar með innan við 1% af áætluðum fjölda gistisherbergja á Suðurlandi. Á veitingamarkaði veita samrunaaðilar helst grunnþjónustu til þeirra sem gista á hótélum þeirra. Þá telja samrunaaðilar að heildarvelta á veitingamarkaði á landinu öllu á árinu 2016 hafi verið liðlega 86 þúsund milljónir kr. og að hlutdeild þeirra á þeim markaði sé varla teljandi eða innan við 1%.⁴ Eins og áður segir telja samrunaaðilar að aðaláhreif samrunans muni gæta á Suðurlandi þar sem samrunaaðilar sjálfir starfa.

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaaðila að mál þetta taki til markaðar fyrir hótélrekstur annars vegar og markað fyrir veitingarekstur hins vegar, á Suðurlandi. Samkeppniseftirlitið telur þó ákveðin rök hníga til þess að mögulegt væri að skipta mörkuðum máls þessa niður í undirmarkaði þar sem horft væri m.a. til verðlags, framreiðslu veitinga og umgjarðar að öðru leyti, en telur þó í máli þessu séu ekki ástæður til þess að setja fram nánari markaðsskilgreiningar en áður hefur verið getið.

¹ Fjallað var um samruna Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf. í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 19/2017, *Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.*

² Frá árinu 2016 hefur Ferðamálastofa flokkað sveitarfélagið Hornafjörð með Suðurlandi og eru því hótél beggja samrunaaðila á Suðurlandi.

³ Í samrunaskrá kemur fram að fjöldi hótélherbergja byggir á gögnum frá Ferðamálastofu.

⁴ Í samrunaskrá kemur fram að tölur um heildarveltu á veitingamarkaði á árinu 2016 byggir á gögnum frá Ferðamálastofu.



III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að ekkert af áðurgreindu eigi við í máli þessu. Samrunaaðilar hafi ekki þann efnahagslega styrk, hvorki fyrir né eftir samrunann til að hindra virka samkeppni á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Velta samrunaaðila á hótél- og veitingamarkaði sé mjög lág miðað við hlutfall heildarmarkaðarins, herbergjafjöldi sé óverulegt hlutfall þess gistiframboðs sem sé á Suðurlandi og starfsemi í veitingarekstri sé fyrst og fremst stoðþjónusta við hótélreksturinn og ráðgert að svo verði áfram. Þá starfi ennfremur fjöldi aðila á hinum skilgreindu mörkuðum sem ætla megi að hafi hærri markaðshlutdeild en samrunaaðilar. Starfsemi samrunaaðila sé auk þess áþekk og ætti samruninn því að leiða til hagræðingar og skapa sterkari rekstrareiningu til hagsbóta fyrir neytendur að mati samrunaaðila.

Í máli þessu er um láréttan samruna að ræða þar sem hluti starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi á sama markaði. Í samkeppnisrétti hefur verið bent á það að slíkir samrunar séu líklegastir til að raska samkeppni vegna þess að þeir hafa um leið og þeir koma til framkvæmda bein áhrif á gerð viðkomandi markaðar. Líkt og áður hefur verið getið í ákvörðun þessari munu áhrif samrunans einkum gæta á markaði fyrir hótélrekstur annars vegar og veitingarekstur hins vegar, á Suðurlandi. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins. Þá mun samruninn ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Arctic Adventures hf. á rekstri Geirlands ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson